



Wapex 660

Vatnsþynnanleg epoxýmálning

Efnislýsing

Wapex 660 er tveggja þátta vatnsþynnanleg epoxýmálning, ætluð til málnar á steypa fleti innanhúss, s.s. veggj og gólf. Wapex 660 hefur einnig góða viðloðun við flísar. Hún er auðveld í notkun, þolir bleytu og kemísk efni vel, er höggþolin og slitsterk. Málningin er létt í þrifum, lykjarlítill, óeldfim og hentar sérlega vel í rýmum þar sem leysiefnamálning er ekki leyfð.

Meðhöndlun

Undirbúningur fyrir málnun

Nýsteyp t gólf verða að hafa staðið og harðnað í a.m.k. 28 daga, nema birginn gefi önnur fyrirmæli. Tryggið að undirlagið sé nægilega þurr ($< 5\%$ rakastig), fast í sér og ekki duftsmítandi. Fjarlægjið ryk, olíu, fitu og önnur óhreinindi. Áður málað, slétt og/eða þétt yfirborð skal slípa matt, sandblása eða sýrupvo til að tryggja viðloðun. Mattið flísar með sandpappír nr. 200-220 og fjarlægjið síðan slípiryk.

Blandið vandlega saman efnunum úr dósunum tveimur (stofni og herði). Notið til þess hæggenga borvél með þeytara, á u.þ.b. 200 rpm. Athugið að notkunartími við 20°C er um 90 mínútur eftir blöndun.

Ómáluð steinsteypa: Grunnið með Wapex 660 blöndunni þynntri um 20% með vatni. Látið þorna og gerið svo nýja blöndu þynnta með $5-10\%$ vatni og málið tvær umferðir með henni.

Málnun áður málaðra veggja: Málið eina eða tvær umferðir með Wapex 660-blöndunni þynntri með $5-10\%$ vatni.

Málnun flísa: Grunnið með Wapex 660 blöndunni þynntri með $5-10\%$ vatni. Málið síðan eina umferð nær óþynnta (með 5% vatni).

Málnun áður málaðra gólfa: Málið tvær umferðir með Wapex 660 blöndunni þynntri með $5-10\%$ vatni. Ef óskað er eftir hálkuvörn þarf að hræra kornum/sandi saman við blönduna í fyrri umferð. Málið síðan yfir með Wapex 660 blöndu þynntri með $5-10\%$ vatni.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Epoxy

Gljástig: Satíngljái

Yfirborðshiti við málnun: $10-30^{\circ}\text{C}$, minnst 3% yfir daggarmarki

Rakastig: Mest 85%

Þurrefni: Í blöndu: Um 50% af rúmmáli og 63% af vigt

Þéttleiki: Í blöndu: $1,2-1,4\text{ kg/dm}^3$

Ráðlögð þykkt:

Á vegg: Þurr: 50 míkron, blautt: 100 míkron.

Á gólf (sandlaust lag): Þurr: 80 míkron, blautt: 160 míkron

Á gólf (sandfyllt lag): Þurr: 125 míkron, blautt: 250 míkron

Þurrktími við $20^{\circ}\text{C}/65\%$ raka: Má ganga á eftir 8 klst. Yfirmálnun: Minnst 16 klst.; mest 72 klst.

Flötur nær fullum slitstyrk eftir minnst 7 daga

Þynning: Vatn: $5-10\%$ á áður málaðan flöt; 20% við grunnun á ómálaða steinsteypu

Verkfæri: Penslar, rúllur

Blöndunarhlutfall: Þáttur A (stofn) 80% af rúmmáli. Þáttur B (herði) 20% af rúmmáli

Þekja: 50 míkrona þurr umferð: $8\text{ m}^2/\text{l}$. 80 míkrona þurr umferð: $3,5-5,5\text{ m}^2/\text{l}$. (Málningarmagn fer töluvert eftir undirlagi, málningaraðferð og kornastærð sands ef notuð er hálkuvörn)

Notkunartími blöndu: Um 90 mín. við 20°C og 45 mín. við 30°C eftir samblöndun stofns og herðis (þættir A og B). Eftir þennan tíma er varan ekki lengur nothæf. Merki um að svo sé felst í aukinni seigju og að efnið byrji að skilja sig

Slitþol (DIN 65182): Sandlaust kerfi: $70+/-10\text{ mg} / 1000$ snúningar (CS hjól $17/1$ kg þrýstingur

Loftgæði: A+ (matsvarði útstreymis er frá A+ (mjög lítið) til C (mjög mikið)

Litur: Hvítur og margir aðrir litir

Umbúðir: 1 og 5 lítra dósir (stofn og herði)

Geymsla: Í þurru, frostfriu rými við $5-30^{\circ}\text{C}$

Rokgjörn lífræn efni (VOC): EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/j) 140 g/l (2007), 140 g/l (2010). Inniheldur mest 25 g/l

Varan uppfyllir kröfur BREEAM HEA 9 Cat A/d WB og Eurofins Indoor Air Comfort Gold